



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025 (lagaumgjörð og innheimta gjaldsins) – FJR26060058
Ráðuneyti og skrifstofa	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	2. september 2026

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?

Lög um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025, tóku gildi 1. janúar 2026. Með lögnum var lögfest nýtt tekjuöflunarkerfi vegna notkunar ökutækja á vegakerfinu, þ.m.t. ökutækja sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Kílómetragjaldið tekur mið af þyngd ökutækja og þar með af vegsliti sem þau valda. Með því verður gjaldataka af ökutækjum í betra samræmi við áhrif þeirra á viðhaldskostnað vegakerfisins. Upptaka kílómetragjalds er til þess fallin að skjóta styrkari stoðum undir tekjuöflun ríkisins og stuðla jafnframt að skilvirkara og sanngjarnara gjaldakerfi fyrir eigendur og umráðamenn ökutækja.

Með hliðsjón af fenginni reynslu af upptöku kílómetragjalds og framkvæmd laganna þykir tilefni til að leggja til breytingar á lögnum, einkum í því skyni að styrkja lagaumgjörðina og styðja þar með við framkvæmd gjalddökunnar og innheimtu gjaldsins.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).

Í kafla 3.2.2, Skattastefna og tekjuþróun, í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2027–2031, kemur fram að tekjur af ökutækjum og eldsneyti hafi lækkað vegna orkuskipta og tæknibreytinga. Þótt orkuskipti og tækniframfarir hafi jákvæð áhrif hafa þau jafnframt dregið úr tekjustofnum ríkissjóðs á þessu sviði og skapað áskoranir á tekjuhlið hans, sem ítarlega hefur verið fjallað um í fyrri fjármálaáætlunum. Með upptöku kílómetragjalds var brugðist við þeim áskorunum.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.

Markmið breytinganna er að styrkja lagaumgjörð kílómetragjalds á ökutæki og styðja þannig við framkvæmd gjalddökunnar og innheimtu gjaldsins.

C. Útfærsla

1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.

Áformað er að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025. Ekki er áformað að leggja fram heildarlög, enda er um að ræða afmarkaðar breytingar á nýlegri löggjöf sem miða einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjalddöku og innheimtu gjaldsins og afmarka nánar tiltekna undanþágur frá gjaldskyldu.

Breytingarnar byggjast m.a. á fenginni reynslu af upptöku kílómetragjalds og framkvæmd laganna. Við mat á mögulegum leiðum var sérstaklega skoðað hvort unnt væri að ná

markmiðum áformanna með setningu reglugerðar eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Að því virtu er talið að fyrirhugaðar breytingar varði atriði sem þurfi að eiga sér skýra stoð í lögum, m.a. undanþágur frá gjaldskyldu, heimildir ríkisskattstjóra til lækkunar á álagningu, meðferð gjaldsins í skattalegu tilliti og skilyrði sem tengjast framkvæmd gjalddöku og innheimtu gjaldsins.

Með breytingalögum er unnt að bregðast við þeim atriðum sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna. Sú leið telst því bæði markviss og hófleg með hliðsjón af umfangi fyrirhugaðra breytinga.

2. Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).

Á ekki við.

D. Breytingar

Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Áformað er að gera eftirfarandi breytingar á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025. Breytingarnar miða einkum að því að styrkja lagaumgjörðina, styðja við framkvæmd gjalddöku og innheimtu gjaldsins og afmarka nánar tilteknar undanþágur frá gjaldskyldu:

1. Að kveða á um undanþágu frá kílómetragjaldi fyrir tiltekin ökutæki sem ekki eru notuð á vegakerfinu, svo sem námuökutæki og beltabifreiðar sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum og flugvallarökutæki sem eingöngu eru notuð á lokuðum svæðum flugvalla.
2. Að kveða á um heimild ríkisskattstjóra til að lækka álagt kílómetragjald ef í ljós kemur að álagning hefur augljóslega byggst á röngum forsendum og álagt gjald er herra en ætla mátti að rétt fjárhæð sé.
3. Að kveða skýrt á um að kílómetragjald teljist til rekstrarkostnaðar samkvæmt tekjuskattslögum, nr. 90/2003.
4. Að kveða með skýrari hætti á um undanþágu björgunarsveita frá kílómetragjaldi.
5. Að breyta reglum um skráningu á stöðu akstursmælis þannig að gjaldskyldum aðilum verði heimilt að skrá nýja stöðu áður en 30 dagar eru liðnir frá síðustu skráningu.
6. Að kveða skýrar á um undanþágu frá bráðabirgðagreiðslu kílómetragjalds vegna ökutækis sem var staðsett erlendis við gildistöku laganna 1. janúar 2026 og hefur áfram verið staðsett erlendis.
7. Að breyta ákvæði laganna um aðalskoðun þannig að ógreitt kílómetragjald fyrri eiganda eða umráðamanns komi ekki í veg fyrir að aðalskoðun ökutækis fari fram.
8. Að skýra nánar í 1. mgr. 26. gr. laganna að kílómetragjald, þ.m.t. daggjald og fast akstursgjald, sem innheimt er samkvæmt lögnum myndi ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts.
9. Að kveða á um skyldu faggiltra skoðunarstofa til að upplýsa Skattinn ef ökutæki er með akstursmæli sem mælir ekna vegalengd í mílum en ekki kílómetrum.

Áformað er að breytingarnar taki gildi 1. janúar 2027.

Samhliða er áformað að skoða nánar eftirfarandi atriði:

- a. Hvort rétt sé að kveða á um undanþágu létttra bifhjóla frá kílómetragjaldi.
- b. Hvort rétt sé að samræma ákvæði laganna um gjalddaga og eindaga kílómetragjalds, eða eftir atvikum lengja frest til gjalddaga, þannig að ríkisskattstjóri hafi aukið svigrúm til að leiðrétta rangar skráningar áður en bráðabirgðagreiðsla er ákvörðuð eða álagning gjaldsins fer fram.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Um er að ræða breytingar á ákvæðum laga um skatta. Tryggt verður að lagabreytingarnar verði að fullu í samræmi við 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Já. Við útfærslu frumvarpsins þarf einkum að hafa hliðsjón af lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Áformin snerta eigendur og umráðamenn ökutækja, bæði einstaklinga og lögaðila. Jafnframt snerta áformin Stafrænt Ísland vegna stafrænnar umgjörðar skráninga og Skattinn vegna stjórnsýslu og innheimtu kílómetragjalds. Þá varða þau faggiltar skoðunarstofur vegna fyrirhugaðrar skyldu þeirra til að upplýsa Skattinn ef ökutæki er með akstursmæli sem mælir ekna vegalengd í mílum en ekki kílómetrum. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð hefur átt sér stað við Skattinn. 4. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Fyrirhugað er að hafa frekara samráð við Skattinn við mótun frumvarpsins. Gert er ráð fyrir því að áform um lagasetningu, frummat á áhrifum og frumvarpsdrög verði birt í Samráðsgátt stjórnvalda til opins samráðs við hagsmunaaðila og almenning.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Áformin lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörð kílómetragjalds, styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins og afmarka nánar tiltekin atriði er varðar gjaldtökuna. Gert er ráð fyrir að heildarfjárhagsáhrif áformanna á tekjur ríkissjóðs verði óveruleg.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Gert er ráð fyrir því að gildistaka verði 1. janúar 2027. Breytingarnar lúta einkum að því að styrkja lagaumgjörð kílómetragjalds og styðja við framkvæmd gjaldtöku og innheimtu gjaldsins. Ekki er gert ráð fyrir að gildistakan kalli á sérstakan undirbúning eða aðlögun af hálfu Skattsins eða gjaldskyldra aðila. 2. Mælikvarðar á árangur. Helstu mælikvarðar á árangur fyrirhugaðra breytinga eru upplýsingar og gögn frá ríkisaðilum, greining á framkvæmd laganna innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins og reynsla gjaldskyldra aðila og almennings af breytingunum og viðbrögð við þeim.
I. Annað
Nei.

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
Já.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.
Nei.